

Fimmtudaginn 30. nóvember 1995.

Nr. 214/1994.

**S.V.-vöruflutningar**

(Haraldur Blöndal hrl.)

gegn

**Skagfirðingi hf.**

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Flutningssamningur. Gjaldþrotaskipti. Aðild. Skriflega flutt mál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1994. Hann krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér 290.400 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. ágúst 1993 til greiðsludags, auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að sér verði aðeins gert að greiða áfrýjanda 139.998 krónur og málskostnaður falli þá niður.

Eftir ákvörðun Hæstaréttar var málið skriflega flutt fyrir réttinum á grundvelli 1. mgr. 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Fyrir héraðsdómi beindi áfrýjandi málinu að Skildi hf. Samkvæmt greinargerð stefnda fyrir Hæstarétti var það félag sameinað Skagfirðingi hf. 1. janúar 1994, og hefur hann lagt fram vottorð Hlutfélagaskrár því til staðfestingar. Er aðild að málinu breytt því til samræmis.

Eins og nánar greinir í hinum áfrýjaða dómi, reisir stefndi kröfu sína um sýknu á aðildarskorti. Hann kveðst ekki hafa samið við áfrýjanda um að annast fyrir sig vöruflutningana, sem um ræðir í málinu, heldur við Auðun Hafsteinsson, sem hafi fengið áfrýjanda til liðs við sig sem undirverktaka. Þessari staðhæfingu, sem styðst við vætti Auðuns fyrir héraðsdómi, hefur áfrýjandi á engan hátt hnekk, og ekki hefur hann lagt fram nein gögn til stuðnings því, að réttarsamband hafi komist á milli sín og stefnda.

Áfrýjandi skírskotar einnig til þess, að bú Auðuns Hafsteinssonar

hafi verið til gjaldþrotaskipta á þeim tíma, sem umræddir vöruflutningar fóru fram. Telur hann, að stefndi hafi vitað eða mátt vita um gjaldþrotaskiptin og þar með, að Auðunn væri ekki bær um að gera samning um sjálfstæða atvinnustarfsemi. Þar með hafi stefnda borið að greiða áfrýjanda fyrir þjónustuna, sem hann innti af hendi. Um þetta verður að líta til þess, að á því tímabili, sem gjaldþrotaskipti stóðu yfir, var þrotamaður að vísu ekki bær um að taka við endurgjaldi frá stefnda vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi nema að því leyti, sem helgast gæti af ákvæði 1. töluliðar 1. mgr. 73. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. Bar þrotabúinu greiðslan í hans stað. Gjaldþrotaskiptin geta hins vegar ekki að lögum ein út af fyrir sig veitt áfrýjanda tilkall til greiðslu úr hendi stefnda í Auðuns stað. Verður því ekki fallist á þessa málsástæðu áfrýjanda.

Samkvæmt framangreindu og með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur. Verður áfrýjanda gert að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, svo sem í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, S.V.-vöruflutningar, greiði stefnda, Skagfirðingi hf., 50.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### **Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 10. febrúar 1994.**

##### I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 17. janúar sl., er höfðað fyrir dómþinginu með stefnu, birtri og þingfestri 9. nóvember 1993, af S.V.-vöruflutningum, kt. 121240-3359, Bakkahlíð 14, Akureyri, á hendur Skildi hf., kt. 500668-0169, Eyri, Sauðárkróki.

#### *Dómkröfur.*

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefnda verði gert að greiða sér 290.400 kr. með vöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða málskostnað að skaðlausu. Til vara er þess krafist, að stefnandi verði einungis dæmdur til að greiða 139.998 kr. og að í því tilfelli verði málskostnaður felldur niður.

*Málavextir.*

Tímabilið 23. júlí til 15. ágúst 1993 flutti stefnandi vörur, sem afhentar voru stefnda á starfsstöð hans á Sauðárkróki, og einnig vörur, sem sendar voru frá stefnda til Faxamarkaðar í Reykjavík.

Hinn 23. júlí ók stefnandi 22 fiskkörum með fiski frá Reykjavík til Sauðárkróks. Hinn 24. júlí ók stefnandi 17 fiskkörum sömu leið. Loks flutti stefnandi í þremur ferðum 10., 13. og 17. ágúst alls 89 tóm fiskkör frá Sauðárkróki til Faxamarkaðar í Reykjavík. Stefnandi gerði vörufylgibréf vegna flutninganna, sérstök bréf vegna flutningsins á fiskinum, en eitt bréf vegna þriggja ferða með tóm fiskkör.

Stefnandi heldur því fram, að verk þetta hafi verið unnið fyrir stefnda fyrir meðalgöngu vitnisins Auðuns Hafsteinssonar. Stefndi kveður stefnanda aftur á móti hafa unnið verkið sem undirverktaki hjá Auðuni Hafsteinssyni, en stefndi kveðst hafa samið um það við Auðun, að hann tæki að sér þessa flutninga fyrir félagið.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi styður kröfur sínar því, að óumdeilt sé, að hann hafi flutt vörur fyrir stefnda, og fyrir þá flutninga beri stefnda að greiða.

Kröfum sínum til stuðnings vísar stefnandi í stefnu sinni til laga nr. 39/1922, laga nr. 7/1936, laga nr. 91/1991 og laga nr. 25/1987 án þess að tilgreina nánar, hvaða greinar laganna eigi við um mál þetta.

Við munnlegan flutning málsins hélt stefnandi því fram, að vitnið Auðunn Hafsteinsson hefði sem umsýslumaður komið flutningum þessum á.

Þá kom einnig fram sú málsástæða, að bú Auðuns Hafsteinssonar hefði með úrskurði Héraðsdóms Norðurlands vestra 2. júlí 1993 verið tekið til gjaldþrotaskipta. Með vísan til 72. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl. hefði hann misst forræði yfir búi sínu og því ekki verið unnt að stefna honum til að þola dóm vegna krafna þessara né snúa sér að öðrum en stefnda til að innheimta kröfurnar. Þá vísaði stefnandi við aðalmeðferð einnig til þess, að vörufylgibréf þau, sem gerð voru vegna flutninganna, væru jafnframt reikningar. En stefnandi hafi sem ólöglerður maður treyst því, að bréfin væru nægilega vel útfyllt, þannig, að skoða mætti þau sem reikninga.

*Málsástæður og lagarök stefnda.*

Stefndi styður sýknukröfu sína því, að hann sé ekki réttur aðili málsins, og beri því skv. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 að sýkna sig. Stefndi kveður engan samning hafa stofnast milli sín og stefnanda. Stefnandi hafi samið um flutningana við vitnið Auðun Hafsteinsson, en ekki stefnda. Auðunn Hafsteinsson hafi ekki haft umboð né aðra heimild til að skuldbinda

stefnda. Þá heldur stefndi því fram, að ekki sé unnt að dæma sig til að greiða fyrir flutningana, þar sem ekki hafi verið gefnir út löglegir reikningar vegna þeirra. Reikningar verði m. a. að vera dagsettir og bera með sér, hversu mikill hluti þeirra er virðisaukaskattur o. fl.

Varakröfu sína reisir stefnandi á því, að samningur hafi verið í gildi milli Þormóðs ramma hf. og vitnisins Auðuns. Ef dæma eigi stefnda til að greiða fyrir flutningana, verði að fara eftir þeim samningi, hvað varði endurgjald fyrir þá. En samkvæmt samningi Þormóðs ramma hf. og Auðuns hafi verið fyrir eina ferð frá suðvesturhorni landsins til Sauðárkróks verið 69.999 kr. Ekki hafi verið greitt sérstaklega fyrir flutning á tónum fiskkörum.

Við munnlegan flutning málsins mótmælti stefndi þeirri fullyrðingu stefnanda, að vörufylgibréf þau, sem stefnandi gaf út, verði skoðuð sem reikningar, enda fullnægi þau ekki skilyrðum 6. gr. laga nr. 24/1982. Þá mótmælti stefndi nýjum málsástæðum stefnanda, sérstaklega málsástæðum varðandi gjaldprot vitnisins Auðuns Hafsteinssonar.

### III.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Í máli þessu er deilt um, hvort samningur um flutninga á vörum hafi komist á milli stefnanda og stefnda fyrir meðalgöngu vitnisins Auðuns Hafsteinssonar. Þann tíma, sem flutningarnir fóru fram, var hið stefnda fyrir-tæki í meirihlutaeigu Þormóðs ramma hf. á Siglufirði, og höfðu félögin sameiginlega yfirstjórn.

Vitnið Auðunn Hafsteinsson bar fyrir dómnum, að það hefði aldrei verið starfsmaður eða á annan hátt tengst stefnda. Vitnið kvaðst hafa gert um það samning við Þormóð ramma hf., að hann annaðist flutninga fyrir Þormóð ramma hf. og stefnda, en Þormóður rammi greitt flutningana fyrir bæði félögin. Þá hefðu engar takmarkanir verið á því, að það fengi aðra menn til að aðstoða sig við flutningana.

Vitnið kvaðst hafa gert munnlegan samning við stefnda um það, að stefnandi aðstoðaði sig við umrædda flutninga. Þá kvaðst vitnið ekki hafa gert neina samninga fyrir hönd stefnda eða Þormóðs ramma hf. Vitnið taldi sig hafa gert stefnda ljóst, að hann átti að beina öllum kröfum til þess, en ekki að stefnda.

Málsástæðu stefnanda um gjaldprot Auðuns Hafsteinssonar var mótmælt sem of seint fram kominni, og kemur hún því ekki til álita hér.

Stefnandi reisir kröfur sínar m. a. á því, að vörufylgibréf þau, sem hann gaf út vegna flutninganna, eigi að skoða sem reikninga. Dómurinn getur ekki fallist á þessa málsástæðu, þar sem bréfin eru ekki fyllt út í samræmi við ákvæði 6. gr. laga nr. 24/1982 um flutningssamninga og ábyrgð við vöru-

flutninga á landi. Ber í þessu sambandi sérstaklega að vísa til 2. mgr. 6. gr. Þar kemur skýrt fram, að flytjandi skuli tilgreina flutningsgjald og tryggingargjald, ef því er að skipta. Þar sem stefnandi starfar við vöruflutninga, telur dómurinn, að honum ætti að vera kunnugt um, hvernig fylla beri út vörufylgibréf, sé ætlunin að láta þau gilda sem reikning fyrir flutningskostnaði. Í þessu sambandi er einnig rétt að líta til þess, að stefnandi afhenti stefnda aldrei frumrit þessara bréfa með það í huga að innheimta greiðslur fyrir flutningana. Þá afhenti hann stefnda aldrei frumrit neinna reikninga í þeim tilgangi að innheimta greiðslur. Reikningar þeir, sem liggja frammi í málinu og eru ódagsettir og án virðisaukaskatts, hafa ekki verið afhentir stefnda.

Í málinu hefur ekkert komið fram, sem styðji fullyrðingu stefnanda þess efnis, að hann hafi starfað beint fyrir stefnda, heldur verður að telja, að hann hafi starfað sem undirverktaki hjá vitninu Auðuni Hafsteinssyni. Þessu til stuðnings er sú yfirlýsing stefnanda, að hann samdi beint við Auðun um verð fyrir flutningana og gaf honum upp reikningsnúmer í banka til þess að Auðunn gæti staðið skil á greiðslum fyrir flutningana. Þá kannaði stefnandi ekki hjá stefnda, hvort Auðunn hefði heimild til að skuldbinda stefnda.

Pegar það er virt, sem að framan er rakið, er rétt með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda vegna aðildarskorts.

Með hliðsjón af málsúrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn 70.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til þess, að tvö önnur samkynja mál voru rekin samhliða þessu, og einnig til þess, að lögmaður stefnda varð að fara eina ferð frá Reykjavík til Siglufjarðar og aðra frá Reykjavík til Sauðárkróks vegna þessara mála.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Skjöldur hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, S.V.-vöruflutninga hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 70.000 kr. í málskostnað.

---